

Sp.

784. Svar

[347. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar og Kjartans Jóhannssonar um viðræður við Alusuisse.

1. Hvert var tilefni ferðar forsætisráðherra til Sviss fyrri hluta marsmánaðar til viðræðna við Alusuisse og hvenær var ferðin ákveðin?

Ferðin var ákveðin með u.þ.b. 10 daga fyrirvara. Hún var farin í framhaldi af dvöl í Kaupmannahöfn á Norðurlandaráðsþingi dagana 2.–5. mars til þess að vera viðstaddur leiki landsliðs Íslands í handknattleik í heimsmeistaramótinu sem fram fór í Sviss. Jafnframt notaði ég tækifærið til þess að eiga fund með Alusuisse. Sá fundur var undirbúinn í samráði við Halldór H. Jónsson, stjórnarformann Íslenska álfélagsins. Einnig gafst tækifæri til að ræða við dr. Ernst Furgler, ráðherra efnahags- og viðskiptamála í Sviss.

2. Fór forsætisráðherra til Sviss í þessar viðræður við Alusuisse í umboði iðnaðarráðherra eða í samráði við hann?

Nei.

3. Hversu margir fundir voru haldnir og hve lengi stóðu þeir?

Einn fundur sem stóð í tvo og hálfan tíma.

4. Hvaða forustumenn Alusuisse sóttu fundina?

Dr. Dietrich Ernst.

5. Hver var niðurstaða viðræðnanna?

Fróðlegar upplýsingar fengust um þær miklu breytingar sem verið er að gera í æðstu stöðum hjá fyrirtækinu, um erfiðleika í áliðnaði, um viðhorf til Ísals og um möguleika á stækkun í Straumsvík.

6. Hefur verið fjallað um niðurstöðu viðræðnanna í ríkisstjórn þegar þessi fyrirspurn er lögð fram?

Nei.